

## Fundargerð 10. ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur var haldinn fimmtudaginn 19. maí 2022 kl. 15:00 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Kosning fundarstjóra og ritara

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarsetursins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Björk Guðjónsdóttir yrði fundarstjóri og bauðst sjálf til að vera ritari. Samþykkti fundurinn það einróma.

#### 2. Skýrsla stjórnar

Nanna Kristjana Traustadóttir fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2021. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

#### 3. Ársreikningur ársins 2021

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðaðan ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2021 sem stjórn hafði áður samþykkt einróma. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 90 þúsund krónur. Heildareignir námu 28,1 milljón króna í árslok en skuldir voru 18,5 milljónir króna. Eigið fé í árslok nam 9,6 milljónum króna. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu Þekkingarsetursins: <http://thekkingarsetur.is/thekkingarsetur-sudurnesja/skjol/>

#### 4. Kynning á starfsáætlun Þekkingarsetursins 2022

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja fjallaði um starfsáætlun setursins fyrir árið 2022. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

#### 5. Framandi tegundir í höfnum

Dr. Sindri Gíslason, forstöðumaður Náttúrustofu Suðvesturlands, kynnti rannsókn Náttúrustofunnar á framandi tegundum í höfnum víðsvegar um landið en fyrstu niðurstöður eru bæði mjög áhugaverðar og sláandi þar sem framandi tegundum hefur fjölgað gríðarlega hér á landi á síðustu árum.



ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA  
Suðurnes Science and Learning Center

## 6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Björk Guðjónsdóttir - Sign

---

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign

---

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

---

Nanna Kristjana Traustadóttir - Sign